

Ed. **89. Frumvarp til laga** [70. mál]

um breyting á lögum um útvarpsrekstur ríkisins, nr. 68 28. des. 1934, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 88 23. des. 1966.

Flm.: Tómas Karlsson, Pétur Benediktsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hljóðvarpsgjald skal lagt á alla þá, sem gert er að greiða iðgjöld til almanna-trygginga, sbr. lög nr. 40 30. apríl 1963, nema þá, sem ekki hafa náð 18 ára aldri í byrjun gjaldársins. Enn fremur skal gjaldið lagt á þá, sem eru 67 ára og eldri á gjaldárinu og hafa 150 þús. kr. brúttótekjur árið á undan, miðað við gjaldárið 1970,

en tekjumark þetta skal breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar. Félögum og fyrirtækjum, sem gert er að greiða kirkjugarðsgjald skv. lögum nr. 21-23. apríl 1963, skal og gert að greiða hljóðvarpsgjald. Gjaldár telst frá 1. jan. hvers árs til 31. des. þess árs. Ráðherra ákveður upphæð hljóðvarpsgjalds um eitt ár í senn að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Hljóðvarpsgjald skal innheimt samtímis þinggjöldum gjaldenda.

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi sjónvarpsviðtækis, er nota má til að hagnýta sjónvarp ríkisins, skal greiða til Ríkisútvarpsins árlegt sjónvarpsgjald. Ráðherra ákveður upphæð sjónvarpsgjaldsins um eitt ár í senn að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Heimilt er ráðherra að fela pósthöfundum og póstaftgreiðslum landsins að annast innheimtu sjónvarpsgjalds.

Óheimilt er hverjum manni að hagnýta sér sjónvarp ríkisins, nema sjónvarpstæki hans hafi verið skrásett og tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins. Hvert það sjónvarpstæki, sem ekki er tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til Ríkisútvarpsins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hagnýtingu útvarps (hljóðvarps og sjónvarps), gjaldskyldu útvarpsnotenda, innheimtu gjalda og greiðslur fyrir tilkynningar og auglýsingar, sem birtar eru í hljóðvarpi og sjónvarpi. Heimilt er að ákveða í reglugerð um innsiglu sjónvarpstækja vegna vanskila á sjónvarpsgjöldum og um dráttarvexti og gjaldahækkunarir vegna greiðsludráttar.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um upplýsingarskyldu varðandi afnot sjónvarpstækja, svo og reglur um sölu, afhendingu og leigu sjónvarpstækja, enn fremur að kveða á um tilkynningarskyldu og notkun nafnskirteina í þessu sambandi.

Heimilt er í reglugerð að ákveða um undanþágu manna frá greiðslu hljóðvarpsgjalds og/eða sjónvarpsgjalds, eftir reglum, sem kennslumálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1970.

Greinargerð.

Miklar framfarir hafa átt sér stað í framleiðslu hljóðvarpsviðtækja á undanfórnum árum. Með tilkomu „transistoranna“ eða smáranna, eins og þeir hafa verið nefndir á íslensku, hafa hljóðvarpsviðtæki orðið ódýrari og jafnframt svo fyrirferðarlítill, að bera má þau í vasa eða jafnvel fá þau innbyggð í gleraugu. Útvarpsnotkun hefur að þessu leyti gjörbreytt héraendis sem annars staðar í heiminum frá tímum hinna fyrirferðarmiklu lampatækja og þeirra viðbótartækja, geyma eða þurrhlaða og loftneta, sem þeim þurftu að fylgja á fyrstu árum hagnýtingar útvarps hér á landi. Með þessari öru þróun, sem hér hefur orðið, hefur jafnframt orðið æ erfiðara að koma í veg fyrir, að smáratæki væru flutt inn til landsins á ólögmætum hátt. Hefur þessi þróun þar til viðbót haldizt í hendur við sívaxandi ferðalög landsmanna til annarra landa, sem fara munu enn vaxandi, þegar lífskjör almennings batna. Þar við bætist, að óhaggað stendur í lögum og reglugerð um afnotagjöld hljóðvarps, að hljóðvarpsnotandi megi eiga eins mörg hljóðvarpsviðtæki og honum þóknist. Hann megi hins vegar ekki nota þau utan síns eigin heimilis.

Í framkvæmd hefur þetta orðið þannig, að heimilisfaðirinn eða forráðamaður hins svonefnda „útvarpsheimilis“ hefur orðið eins konar innkaupastjóri hljóðvarpstækja á heimilinu. Öll ný hljóðvarpstæki heimilismanna, jafnt barna sem uppkominna, og jafnvel tæki frændaliðs hafa verið skráð á þennan forráðamann útvarpsheimilisins, en síðan afhent hinum ýmsu fjölskyldumönnum. Þegar þeir, t. d. uppkomin börn, hverfa af heimilinu, eru þeir orðnir sjálfstæðir útvarpsnotendur án skrásetningar, en greiða ekkert gjald. Sama verður uppi á teningnum varðandi hagnýtingu þeirra tækja, sem flutt eru inn til landsins fram hjá töllyfirvöldum. Af þeim eru engin afnotagjöld greidd.

Af þessu er ljóst, að æ erfiðara verður að framfylgja gildandi lögum, og reglum um innheimtu afnotagjalda hljóðvarps. Slæmt er ástandið núna, þótt verulegt átak hafi verið gert með ærnum kostnaði til að fjölga skrásettum útvarpsheimilum, en enn verra verður það þó með þróun mála í þá átt, sem hér var dregið á, og vaxandi kaupum smáratækja erlendis til að komast fram hjá tollyfirvöldum og innheimtu Ríkisútvarpsins.

Það mælir því enginn gegn, að allir landsmenn, sem komnir eru til vits og ára, hagnýti sér hljóðvarp Ríkisútvarpsins. Hljóðvarpstækið er hvarvetna þar sem maður er á ferð. Það fylgir honum eftir, hvert sem hann fer. Það er förunautur hans í vinnuna, fer með honum í sumarleyfið, það er í hendi hans, sé hann gangandi, eða í vasa hans. Það er við hlið hans í bílnum. Það stendur hjá verkamanninum í vinnu hans, fer með bóndanum í fjósið, stendur á búðarborði afgreiðslumannsins, er í vösum eða skólatöskum unglínganna. Það er við borðstokk sjómannsins og á koddá sjúklingsins. Hljóðvarpstækið er nú alls staðar, þar sem mannlegt hjarta slær. Samt mæla gildandi lög og reglugerð svo fyrir, að hljóðvarpsnotanda sé aðeins heimilt að hagnýta sér hljóðvarp Ríkisútvarpsins innan veggja síns heimilis, annars komi til annað gjald, jafnhátt.

Í 18. gr. reglugerðar, sem sett er samkvæmt gildandi lögum um útvarpsrekstur ríkisins, er kveðið á um það, hvað sé útvarpsheimili, en af hverju slíku ber að greiða fullt afnotagjald hljóðvarps. Þessi grein er svo hljóðandi:

„Heimilt er útvarpsnotanda, sem greiðir afnotagjald skv. 20. gr. reglugerðar þessarar, að hagnýta sér útvarpið eftir vild með viðtækjum eða línunum til fleiri gjallarhorna og heyrnartækja, en aðeins innan síns eigin heimilis og í sumarbústöðum. Útvarpsheimili telst í reglugerð þessari:

1. Framfærsluheimili.
2. Heimili einstaks manns, sem hefur sérskilinn fjárhag og sjálfstæða atvinnu.
3. Stofnun, hvers konar sem er, svo sem skóli, sjúkrahús, samkomuhús, gistihús, verbúð, atvinnustöð o. fl., deildir innan þessara stofnana og útibú þeirra hvers konar.
4. Bifreiðar allar.
5. Skip öll.

Nú er viðtæki notað með leiðslum til annarra heimila, og telst þá hvert heimili, sem þannig hagnýtir sér útvarpið, útvarpsnotandi.

Nú hefur starfsmaður stofnunar, sem heyrir undir 3. tölulið, eigið viðtæki í húsnæði stofnunarinnar, og teljast það sjálfstæð útvarpsnot á ábyrgð stofnunarinnar.“

Í erindi, sem Ingvar Guðmundsson flutti á síðasta Landsþingi Félags íslenzkra bifreiðaeigenda á Blönduósi í september s. l., gerði hann ákvæði þessarar greinar reglugerðarinnar að umtalsefni og benti m. a. á dæmi, — sem síður en svo er fráleitt, — um það, að einstaklingur gæti orðið skyldur að greiða 3—4 afnotagjöld hljóðvarps, ef ákvæðum þessarar greinar væri fylgt fram. Ingvar Guðmundsson sagði m. a.:

„Jón Jónsson er útgerðarmaður, reyndar ekki neinn stórútgerðarmaður, þar sem hann gerir út sémilegan trillubát. Samkvæmt fyrrnefndri reglugerð ber honum að greiða fjórfalt afnotagjald á við venjulegan notanda, þar sem hann hefur skráð 4 útvarpsheimili, en þau eru: hans lögheimili, bifreiðin, sem hann ekur á til vinnu sinnar, fiskverkunarskúrin, þar sem hann vinnur að aflanum, og trillubáturinn. Á öllum þessum stöðum hefur Jón útvarpstæki, þar sem hann telur sig ekki geta verið án veðurfréttanna. Þetta er einhleypur maður, sem ógjarnan vill vera brotlegur við lög og reglur ríkisins, og því greiðir hann þetta fjórfalda gjald, sem honum ber samkvæmt reglugerðinni. Í næsta skúr við Jón er annar trillukar, og hefur hann nákvæmlega sömu afnot af útvarpinu og Jón, enda má hann ekki fremur vera án veðurfréttanna en sá fyrrnefndi. Sá náungi greiðir samt aðeins einfalt afnotagjald. Ástæðan: Hann á lítið, handhægt ferðatæki, sem hann hefur með sér hvert sem hann fer. Með þessu sparar hann sér andvirði tækisins á hverju ári, eða 1950 kr.,

sé miðað við það, sem honum ber að greiða samkvæmt núverandi reglugerð. Vegna þess að við erum að burðast með úrelta reglugerð um innheimtu, verða þeir þannig æ fleiri, sem ekki greiða tilskilin afnotagjöld, og þar af leiðandi verður gjald það, sem skráðir gjaldendur greiða, mun hærra en það þyrfti í rauninni að vera.“

Það, sem hér hefur verið vakin athygli á, ber allt að þeim brunni, að illmögulegt sé að framfylgja ákvæðum gildandi laga og reglugerðar um innheimtu afnotagjalda hljóðvarps, og allt bendir til, að það verði æ erfiðara í framtíðinni.

Lögin og framkvæmd þeirra fela í sér misrétti. Réttarvitund fólks er andstæð þessum lögum, og menn munu því reyna að fara á bak við þau, og möguleikar til þess hljóta að fara vaxandi, eins og áður er greint.

Eigi að framfylgja þessum lögum, er sýnilegt, að taka verður í sívaxandi mæli upp aðferðir lögregluríkisins og fara um hibiýli manna að óvörum í leit að óskrásettum hljóðvarpstækjum. Í lögum eru í gildi heimildir til að beita þessum aðferðum lögregluríkisins, og hefur innheimtudeild Ríkisútvarpsins þegar spæjara í þjónustu sinni til að hafa upp á óskrásettum útvarpsheimilum. Sem betur fer hafa þessir starfsmenn ekki enn rofið friðhelgi heimila í ríki, mæli, þótt að því hljóti að reka, ef áfram á að búa við gildandi löggjöf og tryggja Ríkisútvarpinu eðlilegar tekjur og fjölgandi gjaldendur. Hins vegar hefur áhuginn enn sem komið er aðallega beint að bifreiðum og hagnýtingu hljóðvarpstækja í þeim. Mun talsvert hafa orðið ágengt í þeim efnunum, og mun fjölgun útvarpsheimila á þessu ári ekki sízt fólgin í því, að eltir hafa verið uppi menn, sem hagnýta hljóðvarpstæki í bifreið án þess að greiða afnotagjald af bifreiðinni sem útvarpsheimili.

Samkvæmt innheimtu Ríkisútvarpsins á s. l. ári voru aðeins skrásett útvarpstæki í um 20% bifreiða landsmanna. Það að skattleggja bifreiðaeigendur með aukagjaldi fyrir að hafa útvarp í bifreið hefur mjög hamlað gegn því, að menn hagnýttu hljóðvarp í bifreiðum sínum (nema þá með óskrásettum tækjum eða lausum ferðatækjum), en það er fráleitt, að löggjafinn setji þarna hömlur á, vegna þess að líta má svo á, að í nútímaþjóðfélagi sé hljóðvarpstækið eitt af öryggistækjum bifreiðarinnar. Með aukinni umferð og vaxandi umferðarslysum er skipulegur áróður í hljóðvarpi um umferðarmál eitt áhrifamesta úrræðið í öllum löndum til að hamla gegn vaxandi tjóni á mönnum og tækjum í umferðinni. Þessi boð þurfa fyrst og fremst að berast til bifreiðastjórnanna. Í hinu flókna þjóðfélagi, þar sem óvænta og jafnvel voveiflega hluti getur borið skyndilega að höndum, veltur og æ meira á því, að unnt sé að koma boðum til borgaranna almennt í tæka tíð. Stór hluti þeirra er á degi hverjum á ferð í bifreiðum og æ lengri hluta dagsins, eftir því sem borgir stækka. Það er því fráleitt að löggjafinn raunverulega refsir þeim sérstaklega, sem þetta öryggistæki hafa í bifreiðum sínum.

Bezt er móttaka bifreiðatækja, ef þau eru tengd bifreiðinni og loftneti hennar. Að bifreiðaeigendum skuli vera gert að greiða tvöfalt afnotagjald einungis vegna þess, að útvarpstæki það, er þeir hafa í bifreið sinni, er fest með 3 skrúfnöglum í bifreiðina og tækið þar með kallað bifreiðatæki, en ekki ferðatæki, sem hverjum sem er virðist heimilt að fara með hvert á land sem er (þótt ekki fari milli mála, að það er þó raunverulega í blóra við ákvæði gildandi laga og reglugerðar um útvarpsheimili), er ranglæti, sem bifreiðaeigendur geta ekki unað.

Samtök bifreiðaeigenda, F.Í.B., hafa gert þetta mál að sérstöku baráttumáli undanfarin ár og gert um það ályktanir á landsþingum og krafizt, að það misrétti og ranglæti, sem í framkvæmd gildandi laga felst, verði afnumið, afnotagjald hljóðvarps lækkað og innheimt sem nefskattur.

Með þetta í huga, sem hér hefur verið greint, leggja flutningsmenn þessa frumvarps til, að á árinu 1970 verði hafin innheimta afnotagjalda hljóðvarps í formi nefskatts.

Um 1. gr.

Flutningsmenn leggja til, að hljóðvarpsgjald verði lagt á alla þá, sem gert er að greiða iðgjöld til almannatrygginga og náð hafa 18 ára aldri, þ. e. að 16 og 17

ára aldursflokkar verði undanþegnir gjaldinu. Hins vegar telja flutningsmenn eðli-
legast, að hvort hjóna um sig greiði fullt gjald, en ekki t. d. eitt og hálf gjald
sameiginlega, eins og er um iðgjöld til almannatrygginga. Skal það rökstutt nánar
hér á eftir. Þá leggja flutningsmenn til, að gjaldið verði lagt á þá, sem eldri eru
en 67 ára og hafa 150 þús. kr. brúttótekjur á ári, en tekjumark þetta skal breytast
í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar. Enn fremur, að félögum og fyrir-
tækjum, sem nú greiða kirkjugarðsgjald, verði gert að greiða hljóðvarpsgjald.
Hljóðvarpsgjaldið skal innheimt samtímis þinggjöldum og mundi þá tilgreint á
sérstökum reit á gjaldheimtuseðli. Gjaldið skal menntamálaráðherra ákveða um
eitt ár í senn með tilliti til tekjuþarfar hljóðvarpsdeildar Ríkisútvarpsins og að fengn-
um tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ákvæði 6. gr. gildandi laga eru að öðru leyti tekin efnislega óbreytt í 1. gr.
frumvarpsins. Fjalla þau aðallega um sjónvarp og hagnýtingu þess. Þá eru tekin
upp ákvæði gildandi laga um að ráðherra sé heimilt að ákveða um undanþágur
manna frá greiðslu hljóðvarpsgjalds eftir reglum, sem kennslumálaráðherra setur.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem flutningsmönnum hefur tekizt að afla sér,
eru gjaldendur almannatryggingaiðgjalda nú 77 852
Þar af eru 16 og 17 ára 7 569

Gjaldendur skv. fyrsta ákvæði frumvarpsins yrðu því 70 283

Í þessu sambandi skal vakin athygli á því, að almannatryggingaiðgjald er
ekki lagt á öryrkja, og falla m. a. heyrnleysingjar og blindir þar undir, og á því
að vera óþarft að undanskilja þá sérstaklega í frumvarpinu.

Fólk eldra en 67 ára á öllu landinu er nú talið vera um 14 600
Þar af má áætla, að þeir, sem ekki hafa 150 þús. kr. brúttótekjur
á ári, séu 10 000

Gjaldendur samkv. viðkomandi ákvæði frumvarpsins yrðu því um 4 600
Fyrirtæki og félög á öllu landinu, sem gert er nú að greiða kirkju-
garðsgjald, eru talin vera um 2 000

Alls mætti því lauslega áætla að gjaldendur yrðu skv. ákvæðum frv. 77 000

Flutningsmönnum er ljóst, að um það kunna að verða skiptar skoðanir, hvar
draga eigi mörkin við álagningu hljóðvarpsgjalds, ef horfið yrði að því ráði að inn-
heimta það sem nefskatt. Það er einnig álitamál, hvort innheimta eigi jafnhá
hljóðvarpsgjöld af kvæntum körlum og giftum konum sem einstaklingum. Þar
má þó hafa í huga, að börn á heimili hjóna greiða ekkert gjald fram til 18 ára
aldurs, hvort sem þau eru mörg eða fá á heimili, en börn njóta útvarps þegar
kornung að aldri. Þá vilja flutningsmenn benda á, að sameiginlegt hljóðvarps-
gjald hjóna yrði svipað að upphæð, hvort sem sú leið væri valin, að þau greiddu
sameiginlega eitt og hálf gjald eða yrðu látin greiða tvöfalt gjald, þ. e. fullt gjald
hvort um sig. Það er talið, að um helmingur þeirra, sem greiða iðgjöld til al-
mannatrygginga nú, séu hjón, þ. e. rúmlega 35 þúsund einstaklingar og sam-
tals 35 þús. kvæntir karlar og giftar konur. Ef innheimt væri eitt og hálf gjald
af hjónum mundi hljóðvarpsgjöldunum fækka úr ca. 77 þús. í ca. 68 þús. og
gjaldið á hvert nef því hækka að sama skapi, miðað við tiltekna tekjuþörf
hljóðvarpsdeildar Ríkisútvarpsins. Þær tölur, sem hér hafa verið tilgreindar, eru
með þeim fyrirvara, að þær eru ekki hárnákvæmar. Þær ættu þó að gefa allrétta
mynd.

Ef tekjuþörf hljóðvarpsdeildar Ríkisútvarpsins í afnotagjöldum er áætluð um
40 milljónir króna, sem ekki mun fjarri lagi, miðað við síðustu ákvörðun um af-

notagjald hljóðvarps, mundi hljóðvarpsgjald einstaklings skv. ákvæðum frumvarpsins verða ca. 520 kr. á ári og hljóðvarpsgjöld hjóna því samtals ca. 1040 kr. á ári. Ef hjónin greiddu hins vegar eitt og hálf gjald saman, mundi hljóðvarpsgjaldið, miðað við áðurnefnda tekjuþörf Ríkisútvarpsins, nema um 590 krónum á einstakling og hljóðvarpsgjald hjóna því ca. 885 kr. Þannig mundi ekki muna nema ca. 155 krónum á ári fyrir hjón, hvor leiðin yrði valin.

Vafalaust má telja, að kostnaður við innheimtu hljóðvarpsgjalds muni minnka verulega með því að innheimta það sem nefskatt samtímis þinggjöldum gjaldenda.

Engar breytingar munu verða á innheimtu sjónvarpsgjalda skv. þessu frv.

Fjárhæð afnotagjalds hljóðvarps síðasta gjaldár var 820 kr.

Flutningsmenn vilja taka það fram, að þeir eru fúsir til samkomulags um að fara þá leið við ákvörðun hljóðvarpsgjalds hjóna og við ákvörðun marka um gjaldendur, sem mestan hljómgrunn finnur. Munu þeir því fylgja þeim breytingum, sem kynni að verða lagt til að gerðar yrðu á þessum ákvæðum frumvarpsins og vænlegar þættu til viðtæks samkomulags um málið.

Að lokum vilja flutningsmenn leggja áherzlu á það, að með frumvarpi þessu er ekki á nokkurn hátt vegið að fjárhagslegu sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Það er áriðandi, að stofnun, sem gegnir svo þýðingarmiklu hlutverki í þjóðfélaginu sem Ríkisútvarpið, hafi sjálfstæðan fjárhag. Ákvörðunarvald um hljóðvarpsgjald og fjárhæð þess verður áfram í höndum menntamálaráðherra og forráðamanna Ríkisútvarpsins, verði frumvarp þetta að lögum.